

bænda
FERÐIR

BELLA ÍTALÍA



7. - 12. september 2024

Fararstjórn: Guðný Margrét Emilsdóttir

Sumar 23

Ítalía

Ferðalýsing

Glæsileiki, rómantík og ölduniður Lago Maggiore vatnsins undirstrika feður **Ítalíu** og töfra **Alpafjallanna** í þessari skemmtilegu ferð þar sem dekrað verður við okkur í bænum **Stresa**. Við njótum þess að slaka á í vatnaparadísinni, sem rómuð er fyrir feður, og láta dásamlegan suðrænan blæ leika um okkur. Margar töfrandi skoðunarferðir standa til boða, svo sem hrifandi sigling á **Lago Maggiore** vatni til eyjunnar **Isola Bella** sem er ein **Borromeo eyjanna**. Þar sjáum við glæsilega höll í miðjum lystigarði, einum þeim feðursta sunnan Alpafjalla. Við munum einnig fara í siglingu á **Comovatni** frá **Como** til yndislega bæjarins **Bellagio** sem liggur út á fögrum tanga og er sannkölluð perla við vatnið. Heimborgin **Mílanó** ætlar að taka á móti okkur með öllum sínum töfrum og glæstu byggingum. Borgin er yndisleg og alltaf gaman að sækja heim.

6 dagar | 5 nætur í Stresa



7. september | Flug til Mílanó & Stresa við Lago Maggiore vatn

Brottför frá Keflavík kl. 08:30 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Mílanó kl. 14:45 að staðartíma. Þaðan verður ekið til bæjarins Stresa, við vatnið Lago Maggiore, sem er umvafið fjallafeður. Þetta er annað stærsta vatn Ítalíu en tæpur fimmtungur vatnsins tilheyrir Sviss. Frá 18. öld hefur feður og lega vatnsins dregið til sín baðgesti og ferðamenn hvaðanæva úr heiminum. Þar verður gíst í fimm nætur á góðu hóteli í miðbæ Stresa.

8. september | Stutt ganga um Stresa & sigling til Isola Bella



Eftir góðan morgunverð verður farið í stutta göngu um bæinn Stresa sem er einstaklega líflegur og skemmtilegur. Því næst verður haldið í ljúfa siglingu yfir til Isola Bella sem er ein Borromeo eyjanna. Feður hennar er ólýsanleg en hún ber nafn Isabellu eiginkonu Carlo III. Borromeoættin byggði á eyjinni höll sem þekkt er fyrir að hafa verið gístastaður Napóleons og eiginkonu hans, Jósefínu. Það er mjög skemmtilegt að skoða höllina, svo ekki sé talað um garðinn umhverfis hana, stórglæsilegur lystigarður á tíu hæðum.

9. september | Como, sigling á Comovatni & Bellagio

Á dagskrá okkar í dag er töfrandi og skemmtilegur dagur. Nú verður ekin fögur leið til Como við Comovatn sem er rómað fyrir fegurð og er sama hvert litið er, fallett landslag umlykur okkur, líkt og mynd á póstkorti. Farið verður í ferjusiglingu frá Como til Bellagio sem er á fagurgrænum tanga og ekki að ástæðulausu að bærinn er kallaður perla Comovatns. Litríkur og skemmtilegur bær með sínum hlykkjóttu mjóu götum en það er dásamlegt að njóta lífsins í svona fallettum bæ í kringum skemmtilegar, litlar verslanir, veitinga- og kaffihús. Síðdegis verður siglt til baka til Como og ekið á hótél í Stresa.



10. september | Heimborgin Mílanó



Heimborgin Mílanó ætlar að taka á móti okkur í dag með öllum sínum töfrum. Margt er hægt að skoða í þessari glæsilegu borg m.a. dómkirkjuna sem er eitt af meistaraverkum gotneskrar byggingarlistar en einnig er hægt að fara upp á þak kirkjunnar. Einnig má nefna Scala óperuna og listasafnið Brera, svo minnst sé á eitt af söfnum borgarinnar en þau eru fjölmörg. Það er alltaf gaman að skoða elsta yfirbyggða verslunarhúsið, Galleria Vittorio

Emanuele II, sem var byggt á 18. öld en þar uppi er fjöldinn allur af veitingahúsum. Ekki má gleyma að Mílanó er ein af aðal tískuborgum heims og kaupmenn láta sig ekki vanta hér. Eftir gönguna með fararstjóra verður frjálstími til að kanna borgina á eigin vegum, sýna sig og sjá aðra.

11. september | Slökun & rólegheit í Stresa

Í dag slökum við á og njótum þess sem bærinn hefur upp á að bjóða. Tilvalið að fara í skemmtilega gönguferð meðfram vatninu eða kanna einstaklega sjarmerandi mannlíf bæjarins. Einnig er upplagt að nota aðstöðuna við hótelið okkar.



12. september | Heimferð frá Mílanó

Það er komið að heimferð eftir ljúfa daga. Byrjum þennan dag í rólegheitum í Stresa fram undir hádegi. Þaðan verður ekið út á flugvöll í Mílanó Brottför þaðan kl. 15.45 og landing í Keflavík kl. 18:00 að staðartíma

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Hótel

Gist verður í fimm nætur á Hotel Regina Palace í miðbæ Stresa sem býður upp á glæsilega aðstöðu m.a. inni- og útisundlaug og mjög fallegan garð með sólbekkjum, stólum og borðum. Einnig er heilsulind með saunu og tyrknesku baði. Herbergin eru með loftræstingu, öryggishólfi, minibar og þráðlausri nettengingu.



Verð

299.900 kr. á mann í tvíbýli | 56.200 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hóteli.
- ✓ Þrjú kvöldverðir á hóteli.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Tveir kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.

